

## RAGNARÖK

Pulur, Óðinn, Þór, Heimdallur, Týr, Baldur, Frigg, Sif, Loki, Freyr

---

- Pulur:** Óðinn var búinn að kalla alla íbúa Ásgarðs saman á Iðavelli. Hann leit yfir þöglan hópinn sem beið með spurn í augum.
- Óðinn:** Ég hef leitað mér þekkingar og veit nú ýmislegt um það sem framtíðin geymir. Ekki er það allt gleðiefni en okkur er best að vita sem flest ef við eigum að koma í veg fyrir að hið illa og óumflýjanlega gerist á næstunni.
- Þór:** (grípur hamarinn úr skjóðunni): Heldurðu að tröllin geri innrás?
- Óðinn:** Á vissan hátt má segja það. Ég er að tala um ragnarök. Þau vofa yfir okkur í óþekktri framtíð og þá mun sögu þess heims sem við þekkjum ljúka.
- Frigg:** Verður enginn fyrirboði, þannig að við vitum hvað er í aðsigi?
- Óðinn:** Reyndar. Ósköpin hefjast með fimbulvetri þá brestur á með snjóhríðar úr öllum áttum, frostið verður biturt og vindar hvassir. Og ekki nægir einn slíkur vetur heldur verða þrír samliggjandi. Síðan hefst hildarleikurinn.
- Pulur:** Óðinn þagnaði og horfði í gaupnir sér langa stund. Allir sátu hljóðir og sperrtu eyrun fullir af kvíða. Loks ræskti hann sig og hélt áfram:
- Óðinn:** Úlfarnir munu loks ná sínu langþráða takmarki að gleypa sól og mána. Himinn og jörð klofna, Múspells synir ríða fram með logandi eld og Surtur fer þar í broddi fylkingar.
- Týr:** Og hvað með okkur, ekki trúi ég að við tökum þessu án þess að reyna að bregðast við.
- Heimdallur:** Á þeirri stund mun ég blása í hornið og kalla æsi saman.

- Óðinn:** Rétt er það. Við æsir sækjum fram á völlinn ásamt einherjum sem berjast af mikilli list.
- Þór:** Ekki ættum við að verða í vandræðum með að sigra óvinina með alla þessa vösku bardagamenn.
- Óðinn** (sorgmæddur): Við munum öll deyja. Einungis nokkrir af sonum okkar feðga lifa af. Móði og annar ónefndur sonur þinn sem ekki er fæddur geyma hamarinn Mjölni eftir víg þitt. Synir mínir þeir Víðar og Váli munu byggja upp hinn nýja heim sem rís eftir ragnarök.
- Sif:** Ónefndur sonur sem ekki er fæddur. Við eigum þá eftir að eignast enn einn.
- Óðinn:** Ekki eru það mín orð.
- Frigg:** Verða engir aðrir sem lifa eftir ragnarök?
- Óðinn:** Baldur kemur frá Helju og lifnar aftur.
- Baldur:** Hvað áttu við, faðir minn, þegar þú segir að ég komi frá Helju?
- Óðinn:** Þann fróðleik drakk ég í mig úr Mímisbrunni. Ég veit ekkert frekar. En þú hittir Víðar og Vála. Þið rifjið upp það liðna og finnið gullnar töflur í grasi, þær sem svo oft hafa stýtt okkur stundir í leik og tafli.
- Vilji:** Ég trúí ekki að nokkrum takist að eyða veröldinni okkar, þessu stórkostlega sköpunarverki.
- Óðinn:** Jú, þeim tekst það. Í lok átakanna slengir Surtur eldi yfir jörðina og brennir heiminn allan. En áður en svo langt er komið munu nýjustu afkomendur Loka afreka sitthvað sem ég ætla nú að segja honum.
- Loki:** Getum við ekki geymt það, greyin eru svo lítil að mér finnst óþarfi að vera að gera veður út af þeim í bili.
- Óðinn:** Nei, því verður ekki frestað enda þurfum við að taka til okkar ráða og reyna að koma í veg fyrir að allt fari á versta veg. Ég krefst þess að þú sækir þau strax. Líf mitt er í veði.
- Pulur:** Andköf og stunur heyrðust, svo magnaðist hávaðinn uns hver æpti upp í annan.

- Týr:** Ætlar þessi fátíðingur aldrei að hætta að valda okkur skaða! **Frigg:** Hvað næst!
- Sif:** Hverju megum við eiga von á !
- Heimdallur:** Betur að hann hefði aldrei komið hingað!
- Þór:** Farðu og náðu í þessi ófétis afkvæmi á stundinni eða þú skalt hafa verra af! ...
- Pulur:** Þór reis á fætur og óð að Loka sem vatt sér undan og þaut eins og ör upp í loftið.
- Loki (æpir):** Ég skal þá sækja þau til að róa ykkur hugleysingjana.
- Pulur:** Þrír dagar liðu án þess að Loki léti sjá sig. Æsir skeggræddu hvað orðið hefði af honum og hvort hann mundi yfir höfuð koma aftur. Huginn og Muninn fóru daglega og fylgdust með úr fjarska. Þeir upplýstu að hann sæti við drykkju með tröllum og skipti sér ekkert af afkomendunum.
- Óðinn:** Hver er eiginlega móðirin?
- Huginn:** Angurboða heitir hún og er ferlegt tröll enda eru afkvæmin eftir því.
- Óðinn:** Angurboða, ég hef séð hana úr fjarska, þvílík ósköp,.
- Freyr:** Þetta er óskiljanlegt eins og hún Sigyn er mikil ágætis kona.
- Óðinn:** Ojæja, það er nú kannski ekki svo skrítið að menn hlaupi smávegis útundan sér jafnvel með jötnadætrum sem geta verið hinar þokkafyllstu. En með svona skessu, það er hreint ófyrirgefanlegt.
- Þór:** Á ég að fara og sækja þau?
- Óðinn:** Við skulum gefa honum aðrar þrjár nætur, ef hann ekki skilar sér þá sækirðu hann eða að minnsta kosti afkvæmin.
- Pulur:** Hann tyllti sér í Hliðskjálf, fékk sér krús af Heiðrúnarmiði og sagði við hrafnana:
- Óðinn:** Nú skuluð þið fljúga til Loka og tilkynna honum að hann hafi þriggja náttu frest.
- Pulur:** Hrafnarnir lyftu sér til flugs og hurfu út í kvöldblámann.